

gallerí
KLAUSTUR
2011

SKARPHÉÐINN ÞRÁINSSON

Heimþrá

27.8. - 2.10.



Skarphéðinn Þráinsson (Skarpi) er fæddur á Egilsstöðum 1972, sonur Þráins Skarphéðinssonar prentara og Gunnhildar Ingvarsdóttur prentsmiðs. Á uppvaxtarárum nam Skarphéðinn vélsmiði hjá Sölva Aðalbjarnarsyni á Egilsstöðum og við Verkmenntaskóla Austurlands, en fluttist síðan til Reykjavíkur og lauk þar námi í Véltækni-fræði við Tækniháskóla Íslands. Hann starfar um þessar mundir við hönnun og eftirlit á sviði jarðvarma á suðvesturhorni Íslands.

Skarphéðinn hefur frá bernsku haft mikinn áhuga á veiðimennsku og ferðalögum um náttúru Íslands, og upp frá því spratt áhugi hans á ljósmyndun. Hann er sjálfmenntaður áhugaljósmyndari og megin yrkisefni hans er landslag, eldgos og dýralíf. Honum hefur orðið nokkuð ágengt við iðju sína, enda er áhuginn mikill. Myndir Skarphéðins hafa á undanförunum árum ratað á forsíður bóka, í blöð og tímarit um allan heim. Einnig prýða myndir hans veggi á heimilum og í fyrirtækjum í mörgum löndum.

Hægt er að sjá fleiri myndir eftir Skarphéðinn á heimasíðu hans www.flickr.com/skarpi og hafa samband við hann á netfangið skarphedinn.thrainsson@gmail.com og í síma 6174550

SKARPHÉÐINN ÞRÁINSSON



Sýning Skarphéðins Þráinssonar nefnist *Heimbrá* og eru myndirnar frá ferðum hans um Austurland sumarið 2010 og 2011. Myndirnar eru prentaðar á striga í takmörkuðu upplagi, aðeins 5 stykki af hverri gerð og eru þær til sölu.

Myndirnar á sýningunni:

Sólsetur við Dyrfjöll, 30x45 cm

Íshellir í Kverkfjöllum, 30x34 cm

Litlanesfoss í Fljótsdal, 30x45 cm

Við Dyrfjöll, 30x45 cm

Farandskuggar, 30x45 cm

Dyrfjöll og Stórurð, 45x80 cm

Hengifoss í Fljótsdal, 45x80 cm

Herðubreið, Þjóðarfjall Íslendinga, 40x80 cm

Fyrri sýningar:

Nordic Store Photo Gallery, *Landslag Íslands*, Reykjavík, 2011

Vegamót, *Perlur á Snæfellsnesi*, Snæfellsnesi, 2011

Gallery Fold, *Úr iðrum Jarðar*, Reykjavík 2010

Sláturhúsið á Egilsstöðum, *Testosteron / Landslagsmyndir*, 2009